

Skólaráðsfundur kl: 8:15- Þriðjudagurinn 20. apríl 2021

Mættir: Þorvar, Pétur, Ragnhildur, Ísak, Sunna, María, Álfrún, Alfreð, Ingibjörg

ritari: Ingunn/ Ásta

Efni fundarins:

1. Foreldrakönnun – í fundarboði eru niðurstöður og smá samantekt.

- Tæplega 80% sem að svörðu -sent á 120 foreldra.
- Könnunin skiptist í nokkra þætti.
- 2019 var líka lögð fyrir könnun – í kjölfarið var farið í að búa til umbótaáætlun og mældust allir þættir betur í þessari könnun.
- 2021 könnun – kemur heilt yfir vel út – nokkrir þættir sem þarf að laga -6-8 þættir.

Nám og kennsla:

- Velferð nemenda: 1 þáttur sem þarf að laga – ánægja hvernig skólinn mæta þörfum nemenda. 0,9% undir landsmeðaltali. Þarf að skoða betur hvar pottur er brotinn.
- undir í öllum árgöngum. Það þarf að greina betur hvernig.

Einelti:

- Bæting frá fyrri könnun upp á 14%. Ánæga með úrvinnslu eineltismála.

Aðstaða og þjónusta:

- Aðstaða í skólanum – ánægja hefur hækkað 0,2 % stig – ánægðri með tólmstundapjónustu en rúmlega 9% færri sem að nýta sér þessa þjónustu heldur en á landsvísu.
- Miklu færri sem nýta sér þessa þjónustu á yngsta stigi miðað við landið.
- Frístundin er að byggjast upp.
- Helsta ástæðan fyrir því að þjónusta er ekki nýtt er að ekki er þörf fyrir þjónustuna.

Matur í mötuneyti:

- Erum að dala -rúmlega 14% undir landsmeðaltali.
- Erum búin að vera markvisst að vinna með mötuneytið. Hugmyndir nemenda og tillögur eru hafa verið nýttar.
- Kennarar og Allí upplifa meiri ánægju undanfarið.
- Aðbúnaður í eldhúsi: t.d steiktur fiskur, ekki nógu krispí. Ferlinu var breytt. Hefur gefist betur.
- Aukning í mötuneyti – fleiri nemendur sem eru að borða 2021 heldur en 2019. Unnið verður áfram með hugmyndavinnu með nemendum.

Ásta tekur við fundarritun kl: 8:50

Foreldrasamstarf:

- Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi - bæting frá því 2019.
- Mentor-mikið af tillkynningum-ánægð með appið.
- Mikilvægt að kynna vel að hausti að upplýsingar verði bara á mentor og ekki í tölvupósti
- Foreldrar upplýstir um námskrá, skólastjóri sendir upplýsingar í hverjum mánuði bréf, heimasíðan góður miðill.
- Foreldrar óánægðir með að fá ekki upplýsingar en fáir mæta á fundi (fjar- eða staðfundi).

Heimastuðningur:

- Virkni foreldra-undir landsmeðaltali.
- Miklar væntingar foreldra að börnin fari í háskólanám frekar en til iðnnáms.
- Athuga með kynningu frá Tækniskólanum – kynningar í ári á vegum framhaldsskólanna.
- Ánægja með covid viðbrögð- 90% mjög eða frekar ánægðir með viðbrögð skólans.
- Ástandið þegar unglिंगastigið var heima í 1.bylgju foreldrar voru óánægðir með það.

2. Önnur mál.

Samræmd próf-hvar erum við stödd með þessi próf?

Réttur nemandans til að taka próf.

Prófin eru í þessari viku-þátttakan er nokkuð góð 25 nemendur í ensku og stærðfræði.

Fundur í maí síðasti fundurinn.

Fundi slitið kl.9:19